

Hafnarfjörður- 15.maí 2015

Ungmennaráð fagnar þeirri hugmynd að koma á fót hinseiginfræðslu í Hafnarfirði og telur mikla þörf á að börn og unglingar á öllum aldri fái slíka fræðslu. Þar sem meira að segja flestir fulltrúar ráðsins telja sig ekki vita nægilega mikið um málefni hinseiginfólks og eru ungmennaráðsfulltrúar meðal þeirra ungmenna sem bestan aðgang hafa á að sækja sér fræðslu og kynna sér málefni minnihluta hópa. En telja sig í dag eiga erfitt með að nálgast faglega fræðslu um hinseiginmál. Þar sem internetið gefur ekki alltaf nægilega góða mynd af hinu rétta þegar kemur að því að kynna sér minnihlutahópa innan minnihlutahópa sem á við um margt í tengslum við hinseiginsamfélagið.

Ráðið vísar í fundargerð sína frá 28. apríl þar sem skoðun fulltrúa á hinseigin fræðslu kemur skýrt fram og bréf sem sent var öllum bæjarfulltrúum skömmu eftir að málið var lagt fram í Bæjarstjórn þann 15. Apríl síðastliðinn.